

Gæðavísar leghálsskimunar

Gæðavísir 1

KONUR SEM FÁ BOÐ Í SKIMUN

Langt heiti	Hlutfall kvenna sem er á boðunarskrá og fær boð í skimun
Mælikvarði	Allar konur sem eiga að fá boð í skimun fá boð.
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Einungis konur með lögheimili á Íslandi fá boð í skimun. Samkvæmt nýjum skimunarleiðbeiningum embættis landlæknis fá konur á aldrinum 23-29 ára boð í skimun á 3 ára fresti og konur á aldrinum 30-64 ára fá boð á 5 ára fresti

Gæðavísir 2

MÆTING Í SKIMUN

Langt heiti	Fjöldi og hlutfall kvenna sem mætti í skimun.
Mælikvarði	Fjöldi og hlutfall.
Viðmið	>75% kvenna mæti í skimun
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Greint eftir aldursflokkum og heilbrigðisumdæmi. Hlutfall er reiknað af fjölda kvenna á boðunarskrá.

Gæðavísir 3

BIÐ FRÁ SKIMUN TIL NIÐURSTÖÐU

Langt heiti	Biðtími frá mætingu í sýnatöku þar til svar berst konu
Mælikvarði	Fjöldi vikna
Viðmið	<3 vikur
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur

Gæðavísir 4

HLUTFALL KVENNA MEÐ ÓEÐLILEGA NIÐURSTÖÐU

Langt heiti	Hlutfall kvenna með óeðlilega niðurstöðu úr frumurannsókn eða HPV mælingu
Mælikvarði	Hlutfall
Viðmið	<15% af skimunarsýnum séu óeðlileg
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Hópleitar- og eftirlitssýni sundurgreind. Óeðlileg niðurstaða er þegar frumubreytingar greinast í frumusýni eða þegar HPV mæling er jákvæð úr skimunarsýnum.

Gæðavísir 5

ÓFULLNÆGJANDI FRUMURANNSÓKN

Langt heiti	Hlutfall ófullnægjandi frumurannsóknna
Mælikvarði	Hlutfall
Viðmið	<1.5%
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Sýni sem ekki er hægt að greina. Greint eftir sýnatökuaðilum.

Gæðavísir 6

OFSKIMUN

Langt heiti	Hlutfall kvenna með fleiri en eitt skimunarsýni á skimunartímabilinu.
Mælikvarði	Hlutfall
Viðmið	<5%
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Skimunartímabil fyrir konur á aldrinum 23-29 ára er 3 ár og 5 ár fyrir konur á aldrinum 30-64 ára. Skimunartímabil er reiknað fyrir hverja konu út frá mætingum í sýnatöku. Sýni sem tekin eru vegna læknisfræðilegrar ábendingar, t.d. vegna einkenna, teljast ekki til ofskimunar. Mæting í skimun 6 mánuðum eða minna fyrir áætlað boð telst ekki sem ofskimun.

Gæðavísir 7

HLUTFALL KVENNA MEÐ ÓEÐLILEGT LOKASÝNI

Langt heiti	Hlutfall kvenna með óeðlilegt lokasýni (exit sýni).
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	60-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Ef konur greinast með óeðlilegt lokasýni fara þær samt sem áður í eftirlit samkvæmt skimunarleiðbeiningum og klára það ferli eins og aðrar konur.

Gæðavísir 8

HLUTFALL KVENNA SEM VÍSAÐ ER Í LEGHÁLSSPEGLUN

Langt heiti	Hlutfall kvenna sem vísað er í leghálsspeglun
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Konum sem greinast með hágráðubreytingar, endurteknar lággráðubreytingar eða endurtekin ófullnægjandi sýni er vísað í leghálsspeglun samkvæmt skimunarleiðbeiningum

Gæðavísir 9

HLUTFALL KVENNA SEM MÆTIR Í LEGHÁLSSPEGLUN

Langt heiti	Hlutfall kvenna sem mætir leghálsspeglun
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Konum er forgangsraðað í leghálsspeglun eftir niðurstöðum úr frumusýni samkvæmt skimunarleiðbeiningum

Gæðavísir 10

BIÐTÍMI EFTIR LEGHÁLSSPEGLUN

Langt heiti	Biðtími frá óeðlilegri niðurstöðu úr leghálsstroki að speglunardegi.
Mælikvarði	Fjöldi vikna
Viðmið	Konum forgangsraðað eftir alvarleika frumubreytinga, 2, 6, og 12 vikur.
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur

Gæðavísir 11

ÓEÐLILEG VEFJAGREINING ÚR LEGHÁLSSPEGLUN

Langt heiti	Hlutfall kvenna með óeðlilega niðurstöðu úr vefjagreiningu
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Óeðlileg niðurstaða er þegar frumubreytingar greinast í vefjasýni sem tekið er í leghálsspeglun.

Gæðavísir 12

JÁKVÆTT FORSPÁRGILDI SKIMUNAR

Langt heiti	Hlutfall kvenna sem greinast með hágráðufrumubreytingar í frumurannsókn og vefjagreiningu
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	ASC-H, HSIL, AGC, AIS eða krabbameinsfrumur teljast sem hágráðubreytingar í frumusýni. CIN2+ teljast sem hágráðubreytingar í vefjasýni. Samanburður á frumurannsókn úr skimunarsýni og vefjagreiningu í leghálsspeglun.

Gæðavísir 13

TILVÍSANIR Í AÐGERÐ EFTIR LEGHÁLSSPEGLUN

Langt heiti	Hlutfall kvenna sem vísað er aðgerð eftir leghálsspeglun
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Greint eftir aðgerðartegund (t.d. keiluskurður, legnám). Konum sem greinast með hágráðufrumubreytingar í leghálsspeglun er vísað í aðgerð (oftast keiluskurð).

Gæðavísir 14

BIÐTÍMI EFTIR AÐGERÐ

Langt heiti	Biðtími frá óeðlilegri speglunarniðurstöðu til aðgerðar, oftast keiluskurðar.
Mælikvarði	Fjöldi mánaða
Viðmið	<3 mánuðir
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur

Gæðavísir 15

ÓMEÐHÖNDLAÐAR ALVARLEGAR FRUMUBREYTINGAR

Langt heiti	Hlutfall kvenna með alvarlegar frumubreytingar sem enn eru ómeðhöndlaðar eftir 180 daga.
Mælikvarði	Hlutfall
Viðmið	<2%
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur

Gæðavísir 16

SKURÐBRÚNIR Í KEILUSKURÐI

Langt heiti	Hlutfall keiluskurða þar sem fríum skurðbrúnum er náð
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Skurðbrúnir teljast fríar þegar öllum frumubreytingum er náð í aðgerð og ekki vísbending um frumubreytingar smm frá skurðbrúnum.

Gæðavísir 17

EÐLILEG SÝNI EFTIR KEILUSKURÐ

Langt heiti	Hlutfall kvenna með eðlilegt sýni 6 mánuðum eftir keiluskurð
Mælikvarði	Hlutfall
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Samkvæmt leiðbeiningum skal gera bæði frumurannsókn og HPV mælingu 6 mánuðum eftir keiluskurð.

Gæðavísir 18

NÝGENGI LEGHÁLSKRABBAMEINS

Langt heiti	Árlegt aldursstaðlað nýgengi leghálskrabbameina á 100.000 konur
Mælikvarði	Fjöldi á 100.000
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Gögn úr Krabbameinsskrá.

Gæðavísir 19

DÁNARTÍÐNI LEGHÁLSKRABBAMEINA

Langt heiti	Árleg dánartíðni leghálskrabbameins á 100.000 konur
Mælikvarði	Fjöldi á 100.000
Aldur	23-64 ára
Kyn	Konur
Athugasemd	Gögn úr Skimunarskrá eru samkeyrð við gögn úr Krabbameinsskrá.